




Samþykkt í fræðsluráði 14. mars 2012  
Samþykkt í bæjarstjórn 20. mars 2012

# 2012

## Fjölmenning í skólum Dalvíkurbyggðar





## Formáli

Síðustu ár hafa samfélagsbreytingar í átt til aukins menningar- og trúarlegs fjölbreytileika haft áhrif á skólastarf á Íslandi. Í Dalvíkurbyggð eru nemendur af erlendum uppruna í kringum 10% í grunnskóla Dalvíkurbyggðar og um 25% í leikskólum sveitarfélagsins árið 2012 og því nauðsynlegt að skólarnir bregðist við og aðlagi aðferðir sínar að breyttum nemendahópi. Áður var það eitt talið mikilvægt að einstaklingar sem fluttu hingað til lands tileinkuðu sér menningu og samfélag íbúanna sem fyrir voru. Hugmyndafræðin sem ríkir í dag byggir hins vegar á því að þeir sem fyrir eru þurfi einnig að koma til móts við þarfir einstaklinga af erlendum uppruna og viðurkenna menningu þeirra. Markmið hvers samfélags ætti því að vera að stuðla að gagnvirkri þátttöku allra þeirra sem samfélagið byggja. Þekking, styrkleikar og kunnátta einstaklinganna í samfélaginu þarf að vera metin að verðleikum.

Þegar einstaklingar, sem fyrir eru í samfélaginu skilja og finna, í gegnum gagnvirk samskipti, kosti og mikilvægi fjölbreytileikans fyrir samfélagið í heild, þá fyrst leggja þeir sig eftir að horfa dýpra og leita eftir hæfni og getu hvers og eins. Ekki vegna þess að þeir hafa lært að umbera eða sætta sig við ólíka einstaklinga – heldur vegna þess að þeir skilja og sækjast eftir ólíkum einstaklingum til að vinna að sameiginlegum markmiðum. Án skilnings og vilja geta þeir sem koma nýir inn í samfélagið lagt sig fram við að „aðlagast“ og þeim er það mögulegt – en það er í raun meirihlutahópurinn sem ákveður hvort þeir eru meðteknir eða ekki (Guðrún Pétursdóttir, 2003).

Fjölmeningarsamfélag miðar að því að auka virðingu allra fyrir fjölbreyttum siðum og hefðum. Þó er tungumálið lykillinn að hverju samfélagi og íslenskukunnátta er því ein af meginforsendum aðlögunar að íslensku samfélagi (Björk Helle Larsen ed.al, 2007).

## Skilgreiningar

### *Nemendur af erlendum uppruna*

Þegar talað er um nemendur af erlendum uppruna er fyrst og fremst verið að tala um börn innflytjenda, fólks sem hefur flutt til Íslands og dvelur á landinu tímabundið eða til frambúðar. Þessi börn eru ýmist fædd erlendis eða hér á landi og geta átt annað eða bæði foreldri sem eru innflytjendur.

### *Foreldrar af erlendum uppruna*

Foreldrar af erlendum uppruna eru þeir foreldrar sem eru innflytjendur.

### *Móðurmál*

Móðurmál er það/þau tungumál sem foreldrar tala við barnið sitt. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.



### *Íslenska sem annað mál*

Þegar barn á annað móðurmál en íslensku tölum við um íslensku sem annað mál, jafnvel þó íslenskan sé þriðja eða fjórða tungumál barnsins.

### *Starfsfólk leik-/grunnskóla*

Þegar talað er um starfsfólk leikskóla eða grunnskóla er átt við kennaramenntað starfsfólk, leiðbeinendur, stuðningsfulltrúa, ýmsa sérfræðinga og allt það starfsfólk sem kemur að uppeldi og menntun barna innan skólanna.

### *Fjölmenningarleg menntun*

Í stórum dráttum felur fjölmenningarleg menntun það í sér að allir nemendur eigi að hafa jöfn tækifæri til menntunar, óháð kyni, félagslegri stöðu, uppruna eða menningarlegum einkennum (Hanna Ragnarsd. og fleiri, 2007, bls. 256).

### *Fjölmenningarleg kennsla*

Fjölmenningarleg kennsla snýst um að nemendum séu skapaðar þær aðstæður að þeir geti unnið heildstætt saman að verkefnum sem leggja áherslu á samvinnu þeirra, gagnkvæman skilning og virðingu fyrir menningu hvers annars. Markmið fjölmenningarlegrar kennslu er að efla fjölmenningarlega hæfni nemenda svo þeir í samskiptum sínum við aðra leitist við að skilja hugsanir fólks, tilfinningar og athafnir án fordóma. Þar er áherslan fremur lögð á að það sem er þeim sameiginlegt en það sem greinir þá að (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007 bls. 354).

## **Grunnskólinn**

Meginviðfangsefni grunnskólans í málefnum nemenda af erlendum uppruna er kennsla í íslensku sem öðru tungumáli. Þetta er undirstrikað í aðalnámskrá grunnskóla, en þar segir að markmið kennslunnar feli m.a. í sér að íslenska sem annað mál sé lykillinn að íslensku skólastarfi og íslensku samfélagi. Lögð er rík áhersla á að *íslenska sem annað mál sé meira en tungumálakennsla því saman fara markmið þar sem m.a. er leitast við að þjálfa nemendur í íslensku máli og menningarfærni, örva námsgetu, námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans* (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Starfsfólk skóla skal vera meðvitað um mikilvægi þess að þjálfa íslensku þessara nemenda í fjölbreyttum aðstæðum skólastarfsins sem og öllum námsgreinum. Jafnframt er mikilvægt að sýna menningu allra nemenda skólans og foreldra þeirra áhuga og auka virðingu fyrir fjölbreyttum siðum og hefðum. Starfsfólk skal leggja sig fram um slíkt enda mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda og heilbrigðan anda í skólanum. Í lögum um grunnskóla kemur fram að gæta skuli þess sérstaklega að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms og komið skuli í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).



## Upphaf grunnskólagöngu nemenda af erlendum uppruna

Nemendur af erlendum uppruna eru ólíkir og með misjafnar þarfir. Sumir eru fæddir á Íslandi, læra íslensku samhliða móðurmálinu frá upphafi og hafa strax sterkan grunn í íslensku. Einhverjir hefja skólagöngu sína í leikskóla hérlendis þar sem nám í íslensku sem öðru máli hefst snemma og margir þeirra ná góðum grunni í íslensku. Aðrir flytja til landsins á grunnskólaaldri og hafa því lítinn grunn í íslensku þegar nám í íslenskum grunnskóla hefst.

### Móttaka

Þegar nemandi af erlendum uppruna byrjar í grunnskóla skal fylgja *Handbók um móttöku nýrra nemenda sem koma erlendis frá í grunnskóla Dalvíkurbyggðar* (sjá í fylgiskjali 1) ef nemandinn er að koma erlendis frá. Í öðrum tilfellum er farið eftir almennri móttökuáætlun skólans nema stjórnendur telji þörf á öðru.

## Námsgreinin íslenska sem annað mál

Í upphafi skólagöngu þarf að meta færni nemandans í íslensku. Nemandi af erlendum uppruna með góðan grunn í íslensku fylgir almennum bekkjarviðmiðum í námsgreininni íslensku. Nemandi sem hefur ekki góðan grunn í íslensku við upphafi skólagöngu sinnar hérlendis skal fylgja markmiðum aðalnámskrár í íslensku sem öðru máli.

### Einstaklingsnámskrá

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á að einstaklingsnámskrá sem fylgir markmiðum aðalnámskrár í íslensku sem öðru máli sé unnin fyrir nemendur af erlendum uppruna. Verkefnastjóri fjölmenningar og sérkennarar skulu veita umsjónarkennurum stuðning við námskrárgerð. Þar skal tengja aðrar námsgreinar inn eftir þörfum svo sem stærðfræði, ensku, náttúrufræði, samfélagsfræði o.fl. Nauðsynlegt er að meta stöðu nemanda í námsgreinum og hafa slíkt mat til grundvallar einstaklingsnámskránni. Stefnt skal að því að nemandi geti fylgt jafnöldrum sínum í námi eftir því sem kostur er og að einstaklingsnámskráin sé tengd bekkjarnámsefni samkvæmt því.

### Tímar í íslensku sem annað mál

Nemandi sem lærir íslensku sem annað mál samkvæmt markmiðum aðalnámskrár skal fá jafnmarga tíma í greininni og bekkjarfélagar fá í íslensku, þ.e. í beinu tungumálanámi í greininni. Kennslan getur farið fram inni í bekk og í sértímum. Gæta skal að því að hann fái sértíma (að lágmarki 120 mín á viku) með áherslu á mælt mál, hlustun og úrvinnslu upplýsinga. Í öðrum námsgreinum skal hugað vel að þætti íslenskunnar í kennslunni.

### Áhrif félagslegra tengsla á tungumálið

Lykilatriði í íslenskunáminu er að nota tungumálið og lögð er áhersla á að það sé gert í öllu skólastarfi (Samúel Lefever, 2010). Ekki er farsælt að læra tungumálið eingöngu í skólastofunni en nota það lítið



Þess utan. Starfsfólk skóla þarf því að beita sér eins og kostur er fyrir félagslegri aðlögun allra nemenda og að þeir sem læra íslensku sem annað mál fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi á við aðra nemendur. Slíkt er besta veganestið í íslenskunáminu.

### Önnur móðurmál en íslenska

#### *Viðhorf til annarra móðurmála*

Sýna ber móðurmáli allra nemenda skólans áhuga og virðingu. Þegar nemandi af erlendum uppruna hefur nám í íslenskum grunnskóla er mikilvægt að starfsfólk skóla leggi sig fram um að meta stöðu hans í

móðurmálinu eða afli sér upplýsinga um hana. Sterkt móðurmál auðveldar börnum að tileinka sér íslensku sem annað tungumál en auk þess er það ávinningur fyrir sérhvern einstakling að hafa vald á mörgum tungumálum enda fjöltyngdir einstaklingar afar verðmætir fyrir samfélagið. Góður málskilningur stuðlar að sterkari sjálfsmynd og að barn skynji sig sem mikilvægan hluta af heild.

Móðurmálsþekking barna styrkir sjálfsmynd þeirra, auðveldar þeim að halda tengslum við upprunaland sitt og að tileinka sér menningararf foreldra sinna (Tvö, þrjú, fjögur tungumál? [http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_sjokj/nyirislendingar/upplýsingar/yfirforeldra/tvityngdborn/Tvityngd\\_born\\_vietnamska.pdf](http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_sjokj/nyirislendingar/upplýsingar/yfirforeldra/tvityngdborn/Tvityngd_born_vietnamska.pdf))

#### *Stuðningur við móðurmál*

Styðja þarf við móðurmálskennslu nemenda með íslensku sem annað mál eins og unnt er. Mikilvægt er að finna leiðir til þess að nemandinn eflist í sínu móðurmáli og geti byggt á því í áframhaldandi námi. Ein leiðin er að leiðbeina foreldrum, t.d. um að hjálpa til við heimanám með því að finna sambærilegar upplýsingar og barnið er að læra um t.d. í sögu, efnafræði eða öðru þannig að það fái þjálfun í að ræða um námsefnið og læra hugtökin á móðurmálinu líka. Eins þarf að hvetja foreldra til að styðja við móðurmál barnsins, t.d. í gegnum bóklestur, sérstakar æfingar í móðurmálinu eða fleira sem er þeim aðgengilegt.

#### *Starfsfólk með önnur móðurmál*

Ef starfsfólk skóla talar móðurmál barna þarf að biðja það um aðstoð og nýta tungumálabeekkingu þess til að brúa bilið á milli tungumálanna eins og kostur gefst.

### Foreldrasamstarf

#### *Upplýsingaflæði*

Gott foreldrasamstarf er lykilatriði í skólagöngu allra nemenda. Sérstaklega þarf að huga að fullnægjandi upplýsingaflæði til foreldra af erlendum uppruna því ekki er sjálfsagt að þeir þekki uppbyggingu íslensks skólakerfis, siði og venjur því tengdu. Ýmsar leiðir má fara í upplýsingagjöf til að auðvelda samskiptin,



t.d. með áherslu á myndrænt upplýsingaflæði, með því að útbúa orðalista tengda skólastarfinu og með einföldum þýðingum tengdum skólastarfi sem hægt er að finna á ýmsum vefsíðum m.a. á eftirfarandi slóð: [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6353\\_view-2305/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6353_view-2305/)

Tryggja skal að upplýsingar berist til foreldra, jafnvel með aðstoð símatúlks, tvítýngds starfsmanns skóla eða túlks. Auk fullnægjandi upplýsingaflæðis er nauðsynlegt að huga að því að allir foreldrar upplifi að þeir séu velkomnir í skólann. Starfsfólk skólanna þarf því að leggja sig fram um að koma vel fram við foreldrana með hlýlegri framkomu og áhugasemi um þá og eiga í jákvæðum samskiptum við þá þrátt fyrir að eiga ekki sameinlegt tungumál. Myndrænar orðabækur, ljósmyndir heim í tölvupósti eða annað getur gagnast vel í slíku. Rannsóknir hafa sýnt fram á að séu foreldrar nemenda af erlendum uppruna fjarverandi á viðburðum á vegum skóla er slíkt almennt ekki vegna áhugaleysis og gæta skal þess að draga ekki slíkar ályktanir (Börkur Hansen, 2010).

Gagnleg slóð er á fjölmenningsvefnum [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) um fjölbreyttar leiðir til að eiga samskipti við foreldra sem ekki eiga sameiginlegt tungumál með starfsfólki skóla [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/fjolemningskoleikskola/samskiptaleidir\\_ertl\\_for.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/fjolemningskoleikskola/samskiptaleidir_ertl_for.pdf)

### Trúmál

Óski foreldrar eftir því að barn þeirra sæki ekki tíma í kristinfræði eða trúarbragðafræði getur skólinn veitt undanþágu frá námi í faginu liggja gild rök að baki slíkri beiðni svo sem trúarlegar ástæður. Heimilt er að meta nám utan grunnskóla sem jafngildi grunnskólanáms svo sem trúarfræðslu. Slíkar undanþágur og mat á námi utan skóla samræmast 15. grein laga um grunnskóla (Lög um grunnskóla nr 91/2008).

### Túlkabjónusta

Í aðalnámskrá grunnskóla segir: *Viðeigandi túlkabjónusta er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar og ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum, því er mikilvægt að aðgengi að slíkri bjónustu sé gott* (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Í 18. grein laga um grunnskóla segir: *Eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein* (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Veita skal túlkabjónustu í móttökuvíðtali og almennum foreldraviðtölum (tvisvar á ári) ef foreldrar nemanda tala ekki íslensku eða takmarkaða íslensku. Einnig er hægt að kalla til símatúlk ef nauðsynlegt er að koma upplýsingum til foreldra, t.d. ef barn meiðist eða ef eitthvað alvarlegt kemur upp á í skólanum. Hvetja skal báða foreldra nemanda til mæta í viðtölin og ekki er æskilegt að annað foreldrið túlki fyrir hitt, frekar skal nýta sér bjónustu túlks. Í sumum tilfellum afþakka foreldrar túlkabjónustu af hálfu skóla en benda skal á að túlkur er ekki eingöngu kallaður til foreldranna vegna heldur líka til að túlka fyrir starfsfólk skóla. Því þurfa foreldrar og starfsfólk að vera sammála um að ekki þurfi túlks við.

Gagnleg eyðublöð um foreldraviðtöl og túlkabjónustu má finna á ýmsum tungumálum á eftirfarandi hlekk [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590\\_read-18580/6353\\_view-2305/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3901/6590_read-18580/6353_view-2305/)





Grunnskólinn skal vera í samstarfi við leikskóla sveitarfélagsins varðandi samnýtingu túlka í hefðbundnum foreldraviðtölum að hausti og snemma á nýju ári. Fjallað er frekar um túlkabjónustu aftast í móttökuáætlun (sjá fylgiskjal).

## Félagsleg aðlögun

### *Stuðningur skóla við félagslega aðlögun*

Varðandi félagslega, gagnkvæma aðlögun allra nemenda gegna umsjónarkennarar, verkefnastjóri fjölmennningar og náms- og starfsráðgjafi lykilhlutverki. Þegar nemandi af erlendum uppruna hefur nám í grunnskólanum skal umsjónarkennari leggja sig fram um að nemandinn komist vel inn í bekkjarmenninguna. Þetta má m.a. gera með því að setja af stað vinahópa innan bekkja en nokkrar útfærslur eru til af slíkum hópum. Einnig er brýnt að undirbúa bekkjarfélagana fyrir komu nýja nemandans, kynna hann vel og stuðla að jákvæðum samskiptum en kennari getur gert það á marga vegu. Skólastjórnendur skulu beita sér fyrir því að útvega vinafjölskyldu til að styðja við upplýsingaflæði og aðlögun nýrra fjölskyldna.

Þeir sem eru nýfluttir í samfélagið gætu þurft auknar upplýsingar og stuðning um samfélagsleg málefni sem tengjast skólanum óbeint. Dæmi um þetta er íþrótt- og tómsundaframboð, upplýsingar um ýmiskonar siði og venjur svo sem afmælishefðir hvers bekkjar, hátíðisdaga, útivistartíma og frídaga. Einnig þarf að leiðbeina um hverskonar val og umsóknir t.d. í tenglum við framhaldsskólagöngu o.fl. Starfsfólk skóla skal leggja sig fram um að upplýsa og styðja við slíka upplýsingagjöf þannig að fólk fari síður á mis við fjölbreytt framboð samfélagsins og hafi aukin tækifæri til að vera virkir samfélagsþegnar.

### *Upplýsingar um framboð á tómsundum*

Eins og komið hefur fram er mikilvægt að nemendurnir fái upplýsingar um þá möguleika sem þeim bjóðast í skólanum og nærsamfélaginu. Náms- og starfsráðgjafi er í tengslum við félagsmiðstöð og íþrótt- og tómsundafulltrúa sveitarfélagsins varðandi upplýsingamiðlun um framboð á íþróttum og tómsundastarfi. Nauðsynlegt er fyrir nemendurna að þessir aðilar, ásamt umsjónarkennara og verkefnastjóra fjölmennningar, veiti þeim þennan stuðning, stuðli að og hvetji til aukinnar virkni á fjölbreyttum sviðum samfélagsins. Auk þess að veita þeim þennan stuðning er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafi ræði við nemendur um hvað þurfi til að ná árangri í námi, ræði framtíðaráætlanir þeirra og hvað nemendurnir þurfi til að þær áætlanir geti orðið að veruleika.

### *Frístund*

Benda skal fjölskyldum af erlendum uppruna á Frístund og þá möguleika sem hún hefur upp á að bjóða að skóladegi loknum. Þar gefst nemendum tækifæri til að tengjast frekar, leika saman, sinna áhugasviðum, nota tungumálið og tilheyra hópi. Slík þátttaka getur auðveldað íslenskunám nemenda og eftl þá félagslega. Starfsfólk Frístundar skal vera meðvitað um mikilvægi tungumálsins í starfinu, beita sér fyrir því að nemendur fái tækifæri til að hlusta og tjá sig á íslensku.



## Fjölmenningarlegar áherslur skólans

### *Viðhorf til fjölbreyttrar menningar*

Mikilvægt er að skólinn sýni menningu allra nemenda virðingu, áhuga og víðsýni. Hér er ekki eingöngu átt við þjóðmenningu tengda upprunalöndum nemenda heldur einnig heimameningu, þ.e.a.s. þá menningu sem börnin þekkja frá heimilum sínum og stendur þeim næst. Hlúa skal að fjölbreyttri menningu innan skólans og gæta að slíkt sé ekki eingöngu gert á afmörkuðum sviðum í skólanum, til dæmis eingöngu með fjölmenningardegi, heldur sé slík hugsun leiðarljós í skólastarfinu yfir allt árið. Dæmi um slíkt er meðvitund um fjölmenningarlegt námsefni og fjölmenningarlegan efnivið, uppbrot á skólastarfinu tengt ólíkri menningu t.d. menningu heimilanna, matarmeningu, tónlist, leikjum, klæðnaði eða öðru. Þess skal gætt að þegar unnið er með ólíka menningu nemenda sé ekki verið að auka bilið á milli ólíkra hópa og vinna með þætti sem þeir tengjast lítið. Dæmi um slíkt er þegar matarmening er kynnt með mat sem nemendur borða yfirleitt ekki og mörgum finnst síður lystugur eða þegar auðkenni þjóðar eru eingöngu kynnt í gegnum þjóðbúninga og þjóðdansa sem ekki er víst að börnin þekki yfirhöfuð.

### *Gagnkvæm aðlögun*

Einhliða aðlögun nemenda að skólasamfélaginu er ekki af hinu góða og eykur líkur á neikvæðri sjálfsmynd, afneitun menningaruppruna, þjóðernislegri hópamyndun (etniskum flótta), fordómum og einsleitara samfélagi sem er oft á tíðum andsnúið þeim sem skera sig frá heildinni. Mikilvægt er að skólasamfélagið aðlagist og þróist eftir því sem þarfir nemenda innan skólanna breytast, t.d. þegar nemendum af erlendum uppruna fjölgar í skólanum. Áhersla skal lögð á gagnkvæma aðlögun, þ.e. að skólasamfélagið aðlagist þörfum nemenda sem og að nemendur aðlagist skólasamfélaginu.

### *Fjölmenningarleg kennsla*

Starfsfólki skóla ber að hafa gagnkvæma aðlögun nemenda og skólasamfélags að leiðarljósi og vinna markvisst að því að uppræta fordóma til að skapa sem jákvæðust námsskilyrði fyrir alla nemendur. Í skólanum skal leggja áherslu á kennsluaðferðir sem styðja við fjölmenningarlega kennslu og auka möguleika á að blandaðir hópar nemenda geti unnið saman að verkefnum þrátt fyrir mismikinn grunn í íslensku. Dæmi um slíkar kennsluaðferðir eru CLIM, PALS og Byrjendalæsi.

### *Endurmenntun*

Í símenntunaráætlun skólans þarf áhersla fjölmenningarlegrar kennslu að koma fram og þess gætt að allir kennarar fái tækifæri til að dýpka þekkingu sína á sviði slíkra kennsluaðferða. Einnig er nauðsynlegt að árlega sé unnið markvisst að símenntun starfsfólks varðandi fjölmeningu, fordóma og kennslu íslensku sem annars máls. Huga skal að orðræðunni í tengslum við nemendur af erlendum uppruna og gæta þess að vanda allt orðalag, hvar sem er í skólanum.

### *Stuðningur við móðurmálsnám*

Sýna ber móðurmáli allra nemenda skólans áhuga og virðingu. Styðja þarf við móðurmálsnám nemenda með íslensku sem annað mál eins og unnt er enda styður góð þekking á móðurmáli við nám í nýju





tungumáli og eflir málvitund almennt (Samúel Lefever, 2010). Mikilvægt er að starfsfólk skóla leggi sig fram við að leita leiða til að nemendur fái aukin tækifæri til að þroska móðurmál sitt en það má gera með því að styðja foreldra í markvissri móðurmálskennslu barna sinna, með fjarnámi eða öðrum leiðum.

Það er kostur þegar starfsfólk skóla kemur úr ólíkum hópum samfélagsins og endurspeglar fjölbreytileika íbúa þessa og nemenda skólans (Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Stjórnendur skulu vera meðvitaðir um þetta og stefna á að ráða inn í skólann hæft starfsfólk með fjölbreytta styrkleika, ólíkan bakgrunn og menningu. Það er mikilvægt að nemendur sem tilheyra minnihlutahópum geti upplifað fyrirmyndir í hópi starfsfólks. Fjölbreyttur starfhópur eykur líkurnar á að sérhver nemandi upplifi sig sem hluta af heildinni og að komið sé til móts við þarfir og menningu allra af virðingu og áhuga.

### *Allir samstíga*

Það ætti ekki að vera háð áhuga og reynslu einstakra kennara hvernig nemendum af erlendum uppruna reiðir af í grunnskólanum. Mikilvægt er að allt starfsfólk skólans starfi eftir ákveðinni stefnu og sé vel upplýst, vakandi og gagnrýnið á að allir nemendur fái þá þjónustu og menntun sem þeir þurfa innan skólans og sé meðvitað um að innleiða jöfnuð, uppræta fordóma og mismunun innan skólakerfisins gagnvart öllum nemendum. Þannig aukast líkurnar á að öllum í skólasamfélaginu líði vel saman og að árangur náist.

## Leikskólinn

### Móttaka barna af erlendum uppruna

#### *Byrjunarsamtal*

Áður en leikskólanám barns hefst koma foreldrar þess í byrjunarsamtal þar sem farið er yfir það helsta varðandi leikskólagönguna.

#### *Gögn sem á að afhenda*

Í byrjunarsamtali eru afhent almenn gögn er varða leikskóladvöl barnsins. Til viðbótar þeim gögnum fá foreldrar af erlendum uppruna ýmsar upplýsingar sem hafa verið þýddar eins og gögn um mikilvægi móðurmáls, orðalista, myndræna dagbók, þýðingu á skóladagatali og fleira.

#### *Þátttökuaðlögun*

Öll börn sem byrja ný í leikskólum Dalvíkurbyggðar fara í gegnum þátttökuaðlögun. Í þátttökuaðlögun eru foreldrar þátttakendur í starfinu þá daga sem aðlögunin fer fram. Þeir sinna sínu barni, gefa því að borða, skipta á því, leika við það o.s.frv. Aðferðin byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna. Þar sem foreldrar eru fullir



Þátttakendur í starfinu eru líkur á að þeir öðlist öryggi um dagskipulagið og það sem fram fer. Þeir kynnast starfsfólkinu, hinum börnunum og því sem á sér stað í leikskólanum. Auknar líkur eru á að öruggir foreldrar séu ánægðir foreldrar og eins og áður segir smita þeir ánægju sinni og öryggi yfir til barna sinna.

Þátttökuaðlögun tekur 3 daga og dvelja foreldrar og barn saman í leikskólanum meðan á henni stendur. Á fyrsta degi dvelja þau 2 stundir í skólanum, á öðrum og þriðja degi næstum því fullan dvalartíma barnsins. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra sína og eru umsaminn dvalartíma í leikskólanum án foreldranna.

### Reglur og siðir

Í byrjunarsamtali er farið er yfir helstu reglur og siði í leikskólanum og ýmislegt tengt íslenskri menningu. Það eru hins vegar miklar upplýsingar í einu til að muna og eðlilegt að foreldrar átti sig ekki á þeim öllum strax. Því er nauðsynlegt að starfsfólk sé vakandi fyrir því að upplýsa foreldra jafnt og þétt yfir árið og gæta umburðarlyndis ef eitthvað gleymist eða misskilist. Dæmi um slíkar upplýsingar eru:

- fatnaður
- skóladagatal, lokanir
- veikindi og frí
- heimasíða/fréttabréf-uppbrotisdagar (öskudagur, vetrarleikar, sveitiferð, foreldrakaffi, aðventa o.fl.)
- afmælis dagar, hefðir/reglur

## Foreldrasamstarf

### Foreldrar

Fjölskyldur barna eru ólíkar, uppbygging þeirra, menning og lífsgildi. Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir: *Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn* (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Gæta skal sérstaklega að virðingu gagnvart ólíkum fjölskyldum og gildum þeirra. Ef menning og gildi fjölskyldna og leikskóla skarast skal reyna að leysa slíkt með samræðum, velvild og auknu upplýsingaflæði en forðast misskilning og fordóma. Börn sem koma í leikskólann eru mótuð af þeim samskiptum og umhverfi sem þau búa við á heimilinu og eftir því sem sú menning er ólíkari



skólamenningunni því lengri tíma getur það tekið barnið að læra á lífið í leikskólanum. Ætíð skal hafa hag barnsins í forgrunni og hafa í huga að allir foreldrar vilja barninu sínu það besta.

### *Upplýsingaflæði og samskipti*

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir:

Í 9. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um foreldra:

- *Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.*
- *Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).*

Þjóða skal upp á túlkabjónustu í byrjunarsamtali, almennum foreldrasamtölum og eftir þörfum ef foreldrar barna tala ekki íslensku. Í sumum tilfellum afþakka foreldrar túlkabjónustu af hálfu skóla en benda skal á að túlkur er ekki eingöngu kallaður til foreldranna vegna heldur líka til að túlka fyrir starfsfólk skóla, því verða báðir aðilar að vera sammála um að ekki þurfi túlks við.

Gagnleg eyðublöð um foreldraviðtöl og túlkabjónustu má finna á ýmsum tungumálum á eftirfarandi slóð [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2327/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2327/) (upplýsingar á mörgum tungumálum) og [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-66/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-66/) (um túlkabjónustu)

Í daglegum samskiptum ber starfsfólki að koma upplýsingum til skila með fjölbreyttum hætti, með því að ræða beint við foreldra og styðjast við bendingar eða myndir, með þýðingum á orðalista, með myndrænum orðalista eða öðrum hætti.

Á þessari slóð má nálgast gagnlega orðalista á ýmsum tungumálum:

[http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354\\_view-2326/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3806/6354_view-2326/)

### *Foreldrafélag og foreldraráð*

Gæta skal þess að kynna fyrir foreldrum foreldrafélag og foreldraráð í leikskólanum og hvetja þá til að taka þátt í slíku starfi. Mikilvægt er að raddir foreldra af erlendum uppruna heyrist við stefnumótun í leikskólum sem og annarra foreldra. Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir þessu upplýsingaflæði.

### *Trúar- og menningartengd málefni*

Foreldrum er gefinn kostur á að barn þeirra taki ekki þátt í ákveðnu starfi leikskólans vegna skörunar á lífsgildum, svo sem trúar. Leikskólinn kemur til móts við foreldra á þessu sviði eins og mögulegt er.



### *Foreldrahandbók*

Útbúa skal sameiginlegan upplýsingabækling leikskóla Dalvíkurbyggðar með mikilvægum upplýsingum um leikskólastarfið, ætlaðan foreldrum af erlendum uppruna sem ekki tala íslensku. Þýða skal bæklinginn á önnur tungumál.

## **Fjölmenningarlegar áherslur leikskóla**

### *Fjölmenningarlegur efniviður*

Hver leikskóli þarf að fara sínar leiðir í að vinna með fjölmenningarlegan efnivið. Dæmi um fjölmenningarlegan efnivið og viðfangsefni:

- myndir og bækur af ólíkum fjölskyldugerðum, af fólki af ólíkum uppruna, í ólíkum störfum og með fjölbreytta lifnaðarhætti
- tónlist sem endurspeglar ólíkan bakgrunn barnanna og starfsfólksins
- ýmis tækifæri til að heyra og sjá ólík tungumál og ritmál, m.a. táknmál
- möguleikar á ýmsu efni til listsköpunar, svo sem pappír og leir í mörgum litum (nokkrum húðlitum), litir í ýmsum andlitslitum (ljósir, brúnir, svartir) o.s.frv.
- brúður sem sýna fjölbreytileika fólks, af báðum kynjum og af ólíkum litarhætti
- annað leikefni á fjölmenningarlegum nótum sem sýnir fjölbreytileika og ýtir ekki undir staðalmyndir
- sýnileiki ólíkra tungumála í leikskólanum
- landakort (Fríða Bjarney Jónsdóttir, 2011)

Fleiri gagnlegar upplýsingar þessu tengdu má finna á fjölmenningarvefnum allirmed.is, þar er að finna hugmyndir, verkefni og annað fyrir leikskóla.

Við innkaup skal hugað að því að kaupa gögn sem styðja við fjölmenningarlega kennslu. Huga skal að því að versla efnivið sem sýnir fjölbreytileikann og einnig skulu kennarar hafa það í huga við gerð námsefnis eða í verkefnavinnu.

### *Viðhorf*

Í starfi leikskólans, jafnt meðal barna og starfsfólks þarf að leggja áherslu á að ýta undir víðsýni, jafnrétti, mannréttindi og skilning á fjölbreyttri menningu. Við símenntun starfsfólks þarf að vinna reglulega með þessa þætti.

### *Þýðingar*

Ýmsar upplýsingar tengdar leikskólastarfinu skal þýða á önnur tungumál og nýta í foreldrasamskiptum.



## Málið

### *Málörvun*

Eitt meginhlutverk leikskóla er að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku (Lög um leikskóla, 2008). Börn af erlendum uppruna eru sum hver að læra fleiri en eitt tungumál frá upphafi máltöku og gegnir leikskólinn lykilhlutverki í málörvun á íslensku. Starfsfólk leikskóla skal fylgjast með og vera meðvitað um málþroska allra barna, ekki síst tvítýngdra barna. Ekki er óeðlilegt að barn sem lærir fleiri en eitt tungumál samtímis sé seinna að byrja að tala. Þau börn sem eru seinni að ná tókum á málinu skulu fá viðbótarmálörvun í leikskólanum en leggja skal áherslu á að málörvun fari sem mest fram í leik og daglegu starfi leikskólans.

Upplýsingar tengdar tvítýngi, íslensku sem öðru máli og móðurmáli má nálgast á þessari slóð

[http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197\\_view-52/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-52/)

### *Mikilvægi bóka*

Bóklestur er mjög örvandi fyrir málþroska. Starfsfólk leikskóla þarf að gera öllum foreldrum grein fyrir mikilvægi bóka, bæði í tengslum við íslensku og önnur móðurmál. Hvetja skal foreldra til lesa fyrir börn sín og ýta undir bókaáhuga í leikskólanum eins og mögulegt er.

### *Móðurmál*

Í leikskólanum er borin virðing fyrir móðurmálum allra barna, þeim sýndur áhugi og foreldrar upplýstir um mikilvægi móðurmáls fyrir almennan málþroska. Starfsfólk leikskóla þarf að hvetja foreldra í að nota móðurmálið og gefa þeim ráð um hvernig þeir geta gert það.

## Félagsleg aðlögun

### *Félagsleg tengsl*

Þegar barn byrjar í leikskólanum skal huga vel að félagslegum tengslum þess og styðja það í að leika við önnur börn og falla inn í hópinn. Þetta gildir um öll börn, bæði fædd hér á landi og af erlendum

uppruna. Mikilvægt er að börn upplifi sig sem viðurkennd og ein af hópnum. Fyrir þau börn sem ekki hafa íslenska tungumálið til þess að eiga í samskiptum við önnur börn þarf starfsfólkið að vera brúin á milli og tengja saman börn þvert á tungumál. Gott er að hafa í huga að fyrst koma samskiptin, svo koma orðin, þ.e. hægt er að eiga í miklum samskiptum án þess að hafa sameiginlegt tungumál. Það er gagnlegt að nota nafnaleiki og myndir af börnunum til að nýja barnið læri nöfnin sem fyrst. Þá er gott fyrir kennarana að nefna nafn barnsins oft, nota léttá snertingu og jákvætt, opið andlit þannig að barnið skilji að kennarinn hafi vilja til að eiga í samskiptum, þar með hefur kennarinn líka áhrif á hin börnin sem geta tileinkað sér slík samskipti.



### Íþróttir- og tómstundir utan skóla

Í foreldraviðtölum er nauðsynlegt að benda foreldrum af erlendum uppruna á framboð og upplýsingar um íþróttir og tómstundir sem hægt er að stunda í sveitarfélaginu. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi skal koma slíkum gögnum árlega til hvers leikskóla.

## Hlutfall barna af erlendum uppruna í leikskóla

### Aukinn stuðningur

Fari hlutfall barna af erlendum uppruna yfir 20% í leikskólanum eða á ákveðinni deild þarf að skoða það sérstaklega og grípa til aðgerða ef þörf krefur. Kennsluráðgjafi og leikskólastjóri meta í sameiningu þörfina og samsetningu barnahópsins. Þær aðgerðir sem mætti grípa til eru viðbótartími í málörvun og stuðning, aukinn tíminn í undirbúning og foreldrasamstarf og aukin mönnun eftir þörfum. Í málörvun barna af erlendum uppruna er mikilvægt að vinna með blandaða hópa barna sem eru sterk í íslensku og þeirra sem styttra eru komin og tengja vinnuna sem mest leik og almennu starfi.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. (2011). Sótt 5. janúar 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3953>

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Sótt 5. janúar 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3952>

Björk Helle Larsen. (2007). Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar) *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 151-184), Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ Háskólaútgáfan.

Börkur Hansen og Hanna Ragnarsdóttir (2010). Fjölmennning og þróun skóla. Í Hanna Ragnarsdóttir og Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar) *Fjölmennning og skólustarf* (bls. 17-38), Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.

Fríða Bjarney Jónsdóttir. (2011). „Allt sem þú þorir ekki að tala um verða fordómar seinna meir“: Rýnt í hlutverk leikskólakennara með fjölbreyttum barnahópi. M.ed. ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið, Reykjavík.

Guðrún Pétursdóttir (2003). *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. Reykjavík: Hólar.





Hanna Ragnarsdóttir (2010). *Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar*. Netla. Sótt 6. febrúar af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/012.pdf>

Lög um grunnskóla nr.91/2008

Lög um leikskóla nr. 90/2008

Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010) Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar) *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 109-130), Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007). *Virðing og umhyggja*. Reykjavík: Heimskringla.

Tvö, þrjú, fjögur tungumál? Spurningar og svör fyrir fjöltýngdar fjölskyldur. (2006) Sótt 6. febrúar 2012 af: [http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/nyirislendingar/upplýsing\\_arfyrirforeldra/tvityngdborn/Tvityngd\\_born\\_vietnamska.pdf](http://reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/nyirislendingar/upplýsing_arfyrirforeldra/tvityngdborn/Tvityngd_born_vietnamska.pdf)